

—
BÆN

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys.
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnsins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn ljúfi blær.
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðja ljúfa, ljá mér vinarhönd,
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnsins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Forster / Jón frá Ljárskógum

—
FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson

—
MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson



—
BLESSUN

—
EFTIRSPIL

Largo
e. Händel

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Kór: Stakir jakar
Umsjón: Albert Eymundsson og Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar
á Z Bistró að athöfn lokinni.*

Svandís Hella



Snorri Jónsson



Fæddur 24. nóvember 1930

Dáinn 18. desember 2022

*Útför frá Hafnarkirkju,
fimmtudaginn 12. janúar 2023*

FORSPIL

Ave maria

e. Sigvalda Kaldalóns

SIGNING OG BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gláðir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.
Sb. 1886 - Valdimar Briem

RITNINGARLESTUR

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti' af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartapeili hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson

RITNINGARLESTUR

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við ystu hafsbrún sefur sól,
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær,
og bjarma á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstin börnin fá
þá bestu gjöf, sem lífið á.

Í hafi speglast himinn blár.
Sinn himin á hvert daggartár.
Í hverju blómi sefur sál,
hvert sandkorn á sitt leyndarmál.

Davíð Stefánsson

GUÐSPJALL

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert breyta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert breyta.

23 Davíðssálmur - Margrét Scheeving

MINNINGARORÐ

Ég veit að fjöllin mín fagna er fuglar landi ná,
að vori er vindarnir þagna og vekja hér einlæga þrá.
Ég horfi á himneskan fjörðinn og hjartað mitt skynjar á ný
að sólin gælir við svörðinn í sælu svo brosmild og hlý.

Á sandinum tíbráin titrar, þá töfra vil ég sjá,
og grjótið í fjörunni glitrar er geislarnir fara á stjá.
Ég horfi á himneskan fjörðinn og hjartað mitt skynjar á ný
að sólin gælir við svörðinn í sælu svo brosmild og hlý.

Og nóttin hún lifir svo lengi þá ljóma fjöllin blá,
því vorblærinn strýkur þá strengi sem stórkostleg veröldin á.
Hjá hafinu himnesk er jörðin og hjartað mitt skynjar á ný
að söngfuglar svifa um fjörðinn og sólin er brosmild og hlý.

Kristján Hreinsson / Ásgeir Gunnarsson